



Fundargerð

Mánudaginn 24. febrúar 2014 var haldinn vinnufundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A- Hún kl. 10.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson og Magnús B. Jónsson. Auður H. Sigurðardóttir, Guðjón Ólafsson og Brynjar Bjarkason mættu á fundinn undir 1. dagskrárlið, Bjarni Þór Einarsson undir dagskrárlið 3 og Jökulrós Grímsdóttir undir dagskrárlið 5.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Staða og horfur í rekstri

Á fundinum fóru forstöðumenn deilda Félags og skólaþjónustunnar yfir rekstur þeirra og hvaða horfur séu á árinu.

Auður H. Sigurðardóttir gerði grein fyrir helstu atriðum í rekstri og horfum í almennri félagsþjónustu. Hún gerði sérstaklega grein fyrir samanburði rekstrar og áætlunar í félagsþjónustuliðum. Rætt var um Sis mat og fleira í sambandi við þjónustu við fatlaða. Mikil umræða varð um sálfræðiþjónustu og hvar eða hversu miklar skyldur eða þjónustu skuli veita. Guðjón Ólafsson fór yfir og gerði grein fyrir því helsta í starfi fræðsluskrifstofu.

Brynjar Bjarkason greindi frá því helsta í rekstri samþýlis fyrir fatlaða. Kom fram að nokkur viðhaldspörf er komin á húsnaðið. Samþykkt að óska eftir að Bjarni Þór Einarsson taki að sér að gera úttekt á viðhaldspörf og forgangsröðun verkefna.

2. Aðalbók 2013

Fyrir fundinum lá aðalbók 2013 sem Magnús B. fór yfir og skýrði. Kom fram að heildarniðurstöðurnar eru ekki orðnar marktækar þar sem enn er eftir að bókfæra afskriftir og nokkra aðra liði. Hins vegar megi lesa úr aðalbókinni að niðurstaðan verði nærri áætlun í flestum liðum. Helsta áhyggjuefnið sé Sæborg en þar séu þó væntingar um hærri tekjur vegna síðustu mánaða 2013.

3. Hnitbjörg, framkvæmdir

Á fundinn mætti Bjarni Þór Einarsson og skýrði helstu niðurstöður vegna framkvæmda við kjallara Hnitbjarga sem unnið var að 2013. Framkvæmdakostnaður við verkið að frádregnum vsk vegna vinnu á byggingarstað var 38,7 milljónir. Þar af voru 21,5 milljón beint vegna endurnýjunar innréttinga í félagsaðstöðu. Annar tilfallinn kostnaður var vegna endurbóta og endurnýjunar á fráveitu og drenkerfi hússins. Fram kom að ekki er um endanlegar tölur að ræða þar sem vsk vinnu á byggingarstað hefur ekki verið gerður upp og afstemming reikninga ekki endanlega gerð. Kostnaður vegna eftirlits og hönnunar er þar að auki.

Magnúsi B. falið að ganga frá nýjum samningi við Blönduósbæ um leigu á félagsaðstöðunni í samræmi við endanlegan kostnað við þann verkþáttinn endubætur á félagsaðstöðu.



4. Dreifnám

Fyrir fundinum lá minnisblað um dreifnám í A-Hún sem Ásdís Ýr Arnardóttir umsjónarmaður með náminu hafði lagt fram. Í minnisblaðinu kom m.a. fram að á vorönn varð nokkur breyting á nemendahópnum. Nemendur dreifnáms eru nú 16 sem skiptist þannig milli sveitarfélaga; Skagabyggð: 1, Skagaströnd: 3, Húnavatnshreppur: 2, Blönduós: 10. Þá kemur og fram í minnisblaðinu að næsta haust þarf að gera ráð fyrir tveimur föstum kennslustofum og einu „lausu“ kennslurými líkt og nú er til að bregðast við ef þarf að kenna í fámennum hópum. Næsta verkefni sé að fjölga borðum og stólum á kaffistofu ásamt því að teikna rými hæðarinnar upp á nýtt.

Í minnisblaðinu er bent á að taka þurfi afstöðu til annarsvegar sálfræðiþjónustu nemenda og hins vegar hvort mögulegt sé að koma á skipulöðgum skólaakstri. Samþykkt að fela fræðslustjóra og félagsmálastjóra í samráði við umsjónarmann dreifnáms að fara yfir forsendur sálfræðiþjónustu. Umræður urðu um skipulagðan skólaakstur og varð það niðurstaða umræðunnar að nauðsynlegt sé að fara yfir samræmingu skólaaksturs en í raun sé það sveitafélaganna sem reka skólaakstur vegna grunnskólanemenda að leiða þá umræðu. Umræða varð um hvað væri kostnaðarþáttur sem tilheyrði FNV og hvað tilheyrði Félags og skólaþjónustunni. Samþykkt að fela Ágúst og Guðjóni að fara yfir málið með FNV og skila álit.

5. Sæborg

Stjórn fór í heimsókn á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Sæborg á Skagaströnd. Jökulrós forstöðumaður fór yfir helstu þætti í rekstri og kynnti starfsemi og húsakynni heimilisins. Fram kom að forstöðumaður taldi meiri þörf á hvíldarrýmum en dvalarrýmum á Sæborg og að hún hafi verið í sambandi við útskriftarteymi sjúkrahúsanna sem í mörgum tilfellum hafi síðan leitað eftir plássi fyrir fólk í hvíldarrými. Á Sæborg eru nú 7 heimilsmenn. Þar af eru 5 í hjúkrunarrými en 2 í hvíldarrými. Umræður urðu um reksturinn almennt og viðhaldsframkvæmdir sem ráðast þarf í skv. úttekt frá 2013. Ákveðið að taka forgangsröðun framkvæmda fyrir í vikunni 10. – 14. mars.

6. Önnur mál

Fram lagt minnisblað frá Páli Ingbóri um útkall í Hnitbjörgum. Samþykkt að láta setja sérstakan búnað í íbúð samkvæmt tillögu í minnisblaðinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 13.30

Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,

Vignir Sveinsson,

Magnús B. Jónsson